

## Eignir í skjóli hjá Auði

„Umrótið hefur auðvit- að áhrif á alla, en það hefur gengið vel hjá okkur. Okkur tókst að verja og ávaxta, eiginfé okkar og fé viðskiptavina,“ segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auður Capital. Halla segir þó að það geti reynst áskorun að finna góða fjárfestingarkosti ef gjaldeyrismarkaðir opnast ekki aftur.

Auður Capital fékk starfsleyfi um mánaðamótin aprílmaí og hefur gengið mjög vel síðan þá. „Við sáum þá þegar að það voru mjög erfiðir tímar fram undan, bæði hér heima og erlendis, og vorum því mjög áhættumeðvituð. Við settum



HALLA TÓMASDÓTTIR

öryggi ofar ávöxtun,“ segir Halla.

„Við komum eignum okkar og viðskiptavina okkar í öruggt skjól, í ríkistryggða pappíra og gjaldeyri.“ Halla segir að Auður Capital hafi ekki verið með hlutabréf í fjármálafyrirtækjum, né keypt í verðbréfasjóðum, nema þeim sem voru „hundrað prósent öruggir“.

Halla segir að það góða sem geti komið út úr svona tímum sé að fólk verði meðvitaðra um áhættu og leggi meiri áherslu á að skilja í hverju það er að fjárfesta, „en fólk hefur dálítið misst sjónar á því á undanförunum árum“.

- msh

